



6. SPJALL


Hvernig spjalla ég (chat) í Teams?

1. Smelltu á **Spjall** (Chat) vinstra megin á tækjastikunni. Þá opnast síða spjallsvæðisins.
2. Til að hefja nýtt spjall þarf að smella á skilaboðatákn  hægra megin við **Spjall** (Chat) (lengst til hægri af táknum þremur).
3. Þá opnast gluggi þar sem þú getur leitað að spjallfélögum eftir netfangi eða nöfnum einstaklinga og hópa.



Þú ert að hefja nýtt samtal

Sláðu inn fyrstu skilaboðin þín hér fyrir neðan.





4. Skrifaðu það sem þig langar að senda í textagluggann sem birtist neðst á síðunni. Hægt er að breyta sniði á texta, setja upp töflur/lista (sjá tákn uppi vinstra megin í textaglugga), bæta inn viðhengjum o.fl (sjá táknin niðri hægra megin í textaglugga).

- Þú getur deilt skjölum með spjallfélögum þínum – og allir geta unnið í þeim (editað) Öll skjöl sem deilt hefur verið í spjallhópnum má sjá undir **Deilt** (Shared) - hægra megin við nafn spjallfélaga/hóps ofarlega á skjáglugganum.

ATH! Finna má ýmsa spjall möguleika uppi í hægra horninu (hægra megin við nafn spjallfélaga/hóps). Hægt er að hringja símtal, myndsímtal, bóka fund með þeim sem eru í spjallinu o.fl.

Hvernig bý ég til spjallhóp?

- Inni á spjallsvæðinu (chat) smellir þú á skilaboðatáknið .
- Lengst til hægri í textaglugganum á síðunni sem birtist er örvatákn – smelltu á það og skráðu heiti hópsins sem þú ert að búa til í efri línuna (Nafn hóps).



- Leitaðu svo að fólki til að bæta í hópinn í textaglugganum fyrir neðan heiti hóps. Þú getur leitað eftir nafni einstaklinga, hópa eða netföngum.